

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/18

frá 8. júlí 2004

um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 79 Ghz til notkunar fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (*)

(tilkynnt með númeri C/2004) 2591)

(2004/545/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

skapa tiltrú hjá iðnaðinum til að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 3) Með tilliti til slíkrar samhæfingar gaf nefnd Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) út umboð⁽¹⁾ 5. ágúst 2003, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 676/2002/EB, til þess að samhæfa tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar til að auðvelda samræmda innleiðingu skammdrægs ratsjárnúnaðar (SSR) í vélknúnum ökutækjum.

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar)⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 15. september 2003, sem ber yfirskriftina „Upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir örugg og skynvædd ökutæki“⁽²⁾, tilkynnti framkvæmdastjórnin um þá ætlun sína að bæta umferðaröryggi í Evrópu sem bera mun heitið Framtaksverkefni um rafrænan öryggisbúnað (eSafety). Slíkar úrbætur er einkum hægt að gera með því að nota nýja upplýsinga- og fjarskiptatækni og skynvædd umferðaröryggiskerfi eins og skammdrægan ratsjárnúnað (SRR) í vélknúnum ökutækjum. Í ályktunum sínum um umferðaröryggi⁽³⁾ frá 5. desember 2003 kallaði ráðið einnig eftir bættu öryggi ökutækja með því að stuðla að nýrri tækni á borð við rafrænan öryggisbúnað.
- 2) Hin hraða og samræmda þróun og nýting á skammdrægum ratsjárnúnaði innan Bandalagsins krefst þess að samhæft tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar sé tiltækt án tafar á traustum og varanlegum grunni, til að

- 4) Umboð þetta hefur leitt til þess að 79 GHz tíðnisviðið hefur verið tilgreint af Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT), fyrir tilstilli nefndar hennar um rafræn fjarskipti (ECC), sem hentugast til langtímaþróunar eða varanlegrar þróunar og nýtingar á skammdrægum ratsjárnúnaði. Nefndin um rafræn fjarskipti (ECC) hefur komist að þeirri niðurstöðu að tíðnisviðið skuli vera notað án truflana og varna, í samræmi við alþjóðafjarskiptareglur sem Alþjóða-fjarskiptasambandið hefur samþykkt, og samkvæmt tækniforskriftum sem nefndin um rafræn fjarskipti setur fram í ákvörðun sinni frá 19. mars 2004.
- 5) Árangurinn af þeirri vinnu, sem fram hefur farið samkvæmt umboði Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu að því er varðar að tilgreina langtímatíðnisvið eða varanlegt tíðnisvið fyrir skammdrægan ratsjárnúnað, er viðunandi og skal nýttur í Bandalaginu til að tryggja aðgengi og skilvirka notkun á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar en það er nauðsynlegt fyrir myndun og starfsemi innri markaðarins. Því skal leyfa notkun skammdrægs ratsjárnúnaðar á 79 GHz tíðnisviðinu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 1. janúar 2005 til að hvetja iðnaðinn til að þróa, framleiða og setja skammdrægan ratsjárnúnað á þessu tíðnisviði á markað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 20.

(1) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

(2) COM(2003) 542.

(3) 15058/03 TRANS 307.

(4) Umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) til þess að samhæfa tíðnirófið fyrir þráðlausar sendingar til að auðvelda samræmda innleiðingu skammdrægs ratsjárnúnaðar í vélknúnum ökutækjum.

- 6) Taka skal tilhlýðilegt tillit til heilsu og öryggis notanda og allra annarra einstaklinga við notkun skammdrægs ratsjárnúnaðar og taka einkum tillit til tilmæla ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs 0 Hz til 300 GHz ⁽¹⁾ og a-liðar greinar 3.1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽²⁾.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar.
- c) „án truflana og varna“: að aðrir notendur tíðnisviðsins megi ekki verða fyrir skaðlegum truflunum og að enga kröfu sé hægt að gera um varnir gegn skaðlegum truflunum af völdum annarra kerfa eða rekstraraðila sem starfa á þessu tíðnisviði.

3. gr.

Tíðnisviðið 79 GHz skal tilnefnt og gert aðgengilegt, án truflana og varna, fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 1. janúar 2005. Hámarksmeðalafþéttni skal vera – 3 dBm/MHz skilvirk einsátta útgeislun (e.i.r.p.) í tengslum við hámarks 55 dBm e.i.r.p. Hámarksmeðalafþéttni af völdum skammdrægs ratsjárnúnaðar utan við ökutæki skal ekki fara yfir – 9 dBm/MHz e.i.r.p.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið þessarar ákvörðunar er að samhæfa skilyrði fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á 79 GHz tíðnisviðinu fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „79 GHz tíðnisvið“: tíðnisviðið milli 77 og 81 GHz,
- b) „skammdrægur ratsjárnúnaður í vélknúnum ökutækjum“: búnaður með ratsjárnvirkni fyrir ökutæki á vegum til að draga úr áhrifum árekstra og til notkunar í umferðaröryggisbúnað,

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júlí 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 199, 30.7.1999, bls. 59.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjútíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 10).